

## Fundargerð

*Bogfimisamband Íslands BFSÍ*

Dagsetning: **30.06.2020 Kl. 21:14**

Fundinn sátu: **Albert Ólafsson, Astrid Daxböck, Ásdís Lilja Hafþórsdóttir, Guðmundur Örn Guðjónsson.**

Fundargerð ritaði: **Ásdís Lilja Hafþórsdóttir**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

### 1. Nýr formaður siðanefndar.

Tillaga að Ingólfur Rafn Jónsson verði gerður að formanni siðanefndar. Aðrir meðlimir verða þeir sömu Ásdís Lilja og Tryggvi Einarsson.

1.1. **Samþykkt einróma.**

1.2. **Guðmundur tekur málið að sér.**

### 2. Ráðning íþróttastjóra

Tillaga um að BFSÍ ráði íþróttastjóra í 20% hlutastarf. Hlutverk íþróttastjóra væri að reka og skipuleggja afreks- og mótasvið BFSÍ í samræmi við gildandi reglur og stefnur.

Áætlað er að íþróttastjóri hefji störf í Ágúst.

2.1. **Samþykkt einróma.**

2.2. **Guðmundur og Albert taka málið að sér.**

### 3. Umræður og staða verkefna:

3.1. Staða verkefna af fyrri fundum.

3.1.1. Athugun á tryggingarmálum fyrir BFSÍ og keppendur er enn í vinnslu.

3.1.2. Bókaldsmál eru enn í vinnslu.

3.2. Umræða um að auka fréttabirtingar á bogfimi.is um starf BFSÍ.

3.3. Umræða um stöðu Íslandsmóta.

3.4. Umræða um utandyra svæði fyrir afreksstarf BFSÍ.

3.5. Umræða um stöðu hæfileikamótunar og afreksstefnu.

3.6. Umræða um mögulegt tilraunaverkefni Ungmennadeild BFSÍ auk U12 og U14 aldursflokka.

3.7. Umræða um mögulega ráðningu annars hlutastarfsmanns til að sjá um útbreiðslu og fræðslusvið BFSÍ, styrktarumsóknir og gjaldkerastörf.

3.8. Umræða um tilkynningu um breytta uppsetningu stjórnar eftir að Ólafur Gíslason formaður sagði af sér.

3.9. Umræða um gerð lítills bæklinga til að auka aðgengi dómara, keppenda og aðstandenda að lykilreglum bogfimi.

Fundi slitið kl. **23:08**